

Alþingi
Erindi nr. P 133/83/
komudagur 7.2.2007

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 7. febrúar 2007.

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.


Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis 31. janúar sl. var réttarfarsnefnd sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 496. mál. Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta þing en hlaut ekki afgreiðslu. Þegar frumvarpið var þá til meðferðar í allsherjarnefnd skilaði réttarfarsnefnd umsögn sinni með bréfi 25. apríl 2006. Í flestum atriðum hefur verið tekið tillit til ábendinga nefndarinnar með viðeigandi breytingum á frumvarpinu. Að þessu gættu gerir réttarfarsnefnd eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að héraðsdómurum verði fjölgað um tvo, þ.e. úr 38 í 40, en þessa tillögu var ekki að finna í því frumvarpi sem flutt var á síðasta þingi. Í frumvarpinu er ekki að finna viðhlítandi rökstuðning fyrir þessari tillögu. Þvert á móti má benda á að málum fyrir héraðsdómstólum hefur heldur fækkað á undanförunum árum. Þá er með engu móti eðlilegt að fjölga dómurum til þess eins að draga úr þörf á því að setja dómara, svo sem haldið er fram í athugasemdum við þetta ákvæði frumvarpsins. Hefur reynsla af því fyrirkomulagi verið ágæt bæði fyrir dómstóla til að bregðast við álagi auk þess sem setning hefur verið dýrmæt reynsla fyrir þá einstaklinga sem í hlut hafa átt. Með því að setja dómaraefni hefur jafnframt fengist nokkur mynd af því hvernig viðkomandi muni reynast í því starfi.

Réttarfarsnefnd fagnar því hins vegar ef vilji reynist vera fyrir hendi á Alþingi til að auka fjárframlög til dómstóla. Að mati réttarfarsnefndar væri þá nær í stað þess að fjölga héraðsdómurum að setja á stofn millidómstig í sakamálum. Með því móti væri betur hægt að tryggja mat á sönnunargögnum með því að sönnunarfærsla fari einnig fram fyrir æðra dómstigi en því verður tæplega unnt að koma við í óbreyttri dómstólaskipan. Væri þetta fyrirkomulag einnig í betra samræmi við þjóðréttarlega skuldbindingu Íslands samkvæmt samningsviðauka nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá væri með millidómstigi í sakamálum hægt að létta nokkru álagi af Hæstarétti, auk þess sem síður þyrfti að koma til þess að héraðsdómur væri fjölskipaður í sakamálum en það myndi jafnframt létta umtalsverð álaginu á því dómstigi.

Loks telur réttarfarsnefnd ástæðu til að gera athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 17. gr. dómstólalaga um löglærða aðstoðarmenn. Í umræddu ákvæði er lagt til að aðstoðarmaður verði ráðinn til sex ára og að heimilt sé að endurráða hann einu sinni við sama dómstól. Ef á annað borð er ástæða til að binda ráðningu aðstoðarmanns tímatakmörkum er með öllu óhæfilegt að slík ráðning geti staðið í 12 ár. Þyki fært að ráðning geti varað það lengi verður ekki séð að efni séu til að binda hana nokkrum tímatakmörkum.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari